



Staða hinsegin nemenda í grunnskólum Kópavogs: Viðhorf og ábyrgð skólastjórnenda

Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Markmið þessarar rannsóknar er að skilja hvernig staða hinsegin nemenda er í grunnskólum í Kópavogi og hvernig námsumhverfi þeirra er háttað. Við skoðum hvað í umhverfi, skólamenningu og kennsluháttum er inngildandi fyrir hinsegin nemendur með áherslu á hinsegin fræðslu, birtingarmyndir bakslagsins gegn hinsegin fólki og kerfislæga þætti sem hvetja til eða standa í vegi fyrir að hinsegin nemendur standi jafnfætis öðrum nemendum. Niðurstöður gefa til kynna að skólastjórnendur í Kópavogi séu jákvæðir í garð hinsegin fólks og vilji gjarnan skapa jákvætt og öruggt skólaumhverfi fyrir hinsegin nemendur. Þó skortir stefnumörkun og verkferla hjá sveitarfélaginu í þessum efnum og skólarnir virðast ekki fá nægan faglegan stuðning til að taka á málinu með róttækum og markvissum hætti. Stjórnendur sjá því fáar leiðir færar til að takast á við andúð gagnvart hinsegin nemendum, sem er til staðar innan allra skólanna. Viðbrögð þeirra eru því gjarnan að einstaklingsgera samfélagslegan vanda með því að benda á nemendur og foreldra, oftast af erlendum uppruna, sem orsök hinsegin andúðar innan skólans. Lausnin verður því að laga þessi fáu „skemmdu epli“ í stað þess að skoða undirliggjandi viðhorf og kerfi sem jadarsetja hinsegin nemendur. Skólastjórnendur eru í lykilstöðu til að bæta námsumhverfi hinsegin nemenda en niðurstöður benda þó til þess að menntayfirvöld sveitarfélagsins og hins opinbera þurfi að beita sér í ríkari mæli fyrir kerfislægum breytingum á skólavenjum og skólamenningu til að hægt sé að byggja upp hinseginvæna skóla.

Efnisorð: hinsegin nemendur, skólastjórnendur, hinsegin inngilding, bakslagið, grunnskólar

Inngangur

Ísland er þekkt fyrir að vera framarlega í heiminum hvað varðar jafnrétti og mannréttindi og hefur gott alþjóðlegt orðspor varðandi réttindi hinsegin fólks (Íris Ellenberger, 2017; Þorsteinn Vilhjálmsson og Íris Ellenberger, 2024). Nýlegar rannsóknir og fréttir benda þó til þess að ímyndin endurspegli ekki alltaf raunveruleikann. Það á ekki síst við um veruleika ungs hinsegin fólks sem upplifir meiri vanlíðan en sís-gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra og finnur fyrir meira óöryggi í skólanum sem bitnar á mætingu og námsárangri (Berglind Gísladóttir o.fl., 2018; Rannveig Sigurvinsdóttir o.fl., 2024; Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020).

Í þessari grein beinum við sjónum að skólakerfinu en skólar eru taldir helsti vettvangur jöfnunar í samfélaginu og þeir skipta því miklu máli fyrir hinsegin inngildingu á Íslandi (frumvarp til laga um inngildandi menntun nr. S-60/2024). Markmið þessarar rannsóknar er að auka skilning á stöðu hinsegin nemenda og málefnum þeirra í íslensku skólakerfi og skapa þannig þekkingu á námsumhverfi hinsegin nemenda, sís-gagnkynhneigðum viðmiðum skólanna og hvernig umhverfi skólarnir búi

skjólstæðingum sínum. Einnig viljum við varpa ljósi á samhengið milli skólastarfs á vettvangi annars vegar og stefnu sveitarfélaga í skólamálum hins vegar. Við ákváðum því að skoða sérstaklega stöðu hinsegin nemenda í einu sveitarfélagi, Kópavogi. Við gerum þó ráð fyrir að niðurstöður endurspegli að mörgu leyti ástand hinsegin mála almennt í skólastarfi á Íslandi.

Kópavogur er annað stærsta bæjarfélagið á Íslandi með um 40 þúsund íbúa. Þar eru tíu grunnskólar með yfir 50 stjórnendur, rúmlega 600 starfsmenn og um 5000 nemendur (Menntasvið Kópavogs, 2023). Fyrir þessa rannsókn tókum við viðtöl við átta skólastjórnendur í átta mismunandi skólum í bænum. Til að varpa ljósi á stöðu hinsegin nemenda í skólum Kópavogsbæjar spyrjum við: Hvað í umhverfi, skólamenningu og kennsluháttum skapar jákvætt námsumhverfi fyrir hinsegin nemendur og hvað hefur áhrif á þessa þætti? Til að fá gleggri mynd af ástandinu spyrjum við einnig: Hvaða hinsegin fræðsla er til staðar í grunnskólum, hversu markviss er hún og hvernig er hún útfærð? Hver er upplifun skólastjórnenda af áhrifum bakslags gegn hinsegin fólki á námsumhverfi hinsegin nemenda í skólum? Hvaða kerfislægu þættir hvetja til eða hindra uppbyggingu hinseginvæns námsumhverfis fyrir grunnskólanemendur?

Fræðileg umgjörð

Í þessari grein skoðum við stöðu hinsegin nemenda í ljósi hinsegin (menntunar)fræða. Hugtakið „hinsegin“ (e. queer) innan hinsegin fræða er ekki einungis regnhlífarhugtak fyrir alla þá ólíku sjálfsmyndarhópa sem eiga heima undir „hinsegin regnhlífinni“ (s.s. sam/tví/pan/eikynhneigð, trans, kynsegin, intersex o.s.frv.). Það skírskotar einnig til þess sem er á skjön við hið venjulega og allsráðandi (Halperin, 2003; Sullivan, 2004) en þar sem hið „venjulega“ tekur sífelldum breytingum þá er ómögulegt að festa niður merkingu orðsins „hinsegin“. Á ensku er hugtakið „queer“ einnig notað sem sagnorð, yfirleitt þýtt yfir á íslensku sem að „hinsega“ eða „skjöna“, og merkir að skoða viðfangsefni eða málefni út frá hinsegin sjónarhóli eða að gera eitthvað í andstöðu við ríkjandi norm (Paiz, 2020).

Hinsegin fræði fjalla meðal annars um ólík áhrif mismununar og kúgunar meðlima samfélagsins (Amory o.fl., 2022) og setja spurningarmerki við þau norm sem viðhöfð eru (Sullivan, 2004). Sá angi hinsegin fræða sem fjallar um menntun, þekkingarfræði og skólakerfi kallast hinsegin menntunarfræði (e. queer pedagogy) en hún gengur meðal annars út á að gera kennurum og skólastarfsfólki kleift að skoða kennslu, kennslufræði og námsumhverfi skóla frá hinsegin sjónarhóli. Jafnframt snýst hinsegin menntunarfræði um að rýna í nám og kennslu með hinsegin gleraugum til að fá gleggri mynd af jafnrétti, inngildingu og samfélagslegum viðmiðum hvað varðar kyn, kynhneigð og kyntjáningu til að hægt sé að skapa réttlátara námsumhverfi. Því má hafa jákvæð og frelsandi áhrif á hvernig skólar starfa með því að skoða nám og kennslu með linsu hinsegin menntunarfræði (Meyer, 2007).

Þær íslensku menntarannsóknir sem gerðar hafa verið á hinsegin nemendum í grunn- og framhaldsskólum benda til þess að þeir verði fyrir ítrekaðri áreitni vegna hinseginleika síns (Ársæll M. Arnarsson o.fl., 2015; Berglind Gísladóttir o.fl., 2018; Rannveig Sigurvinsdóttir o.fl., 2024; Sigrún Sveinbjörnsdóttir o.fl., 2010; Tótla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020). Samkvæmt niðurstöðum Berglindar Gísladóttur o.fl. (2018) þurftu hinsegin ungmenni á aldrinum 16–20 ára að þola meiri mismunun og áreitni en önnur ungmenni í sama aldurshópi sem leiddi til þess að þau sýndu marktækt meiri einkenni streitu, reiði og þunglyndis en sísgagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra. Könnun Samtakanna '78 og GLSEN frá 2020 sýnir að hinsegin nemendur finna fyrir sísgagnkynhneigðarhyggju í skólaumhverfinu og verða fyrir mótlæti af ýmsu tagi í skólanum. Það hefur síðan mikil áhrif á bæði skólasókn og námsárangur (Tótla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020). Rannsóknir meðal hinsegin framhaldsskólanemenda á Íslandi sýna að þeir finna glögg fyrir ríkjandi sísgagnkynhneigðarhyggju sem birtist í hinsegin fjandsamlegri orðræðu, útilokun, þöggun og undirskipun þeirra (Jón Ingvar Kjarran, 2019; Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2015).

Erlendar rannsóknir styðja við þá mynd sem dregin er upp af íslensku skólakerfi og gefa til kynna að svokölluð sís-gagnkynhneigðarhyggja sé ráðandi í skólum víðast hvar í Evrópu og Norður-Ameríku. Þar er átt við þau samfélagslegu viðmið sem gera siskynjun og gagnkynhneigð sjálfsgæðar og eðlilegar en undirskipa um leið hinseginleika með því að skilgreina hann sem óvenjulegan og jafnvel afbrigðilegan. Rannsóknir benda til þess að börn læri snemma að tjá sig eftir því sem til er ætlast út frá kyni og þeim normum sé viðhaldið út grunnskólagönguna, bæði meðvitað og ómeðvitað, í gegnum námsefni, kennsluáðferðir, skólahefðir og aðra þætti skólastarfsins. Þessi norm hafi jafnframt grundvallaráhrif á námsumhverfi barna og geti staðið þeim fyrir þrifum. Um leið skorti meðvitund um hvernig slíkt námsumhverfi leiki hinsegin börn (sjá t.d. DePalma og Atkinson, 2010; Keenan, 2017; Keenan og Mess, 2020; Kosciw o.fl., 2016; Meyer, 2007; Suárez o.fl., 2022; Ungaro, 2017).

Viðbrögð við einelti eru gott dæmi um hvernig litið er fram hjá áhrifum jaðarsetningar og kerfisbundnum afleiðingum hennar fyrir jaðarsett börn, m.a. hinsegin börn. Walton (2011) og Meyer (2007) hafa bent á að einelti endurspegli valdastiga samfélagsins þannig að gerendur séu að jafnaði líklegir til að vera ofar í samfélagsstiganum en þolendur þeirra. Börn sem tilheyra samfélagslega jaðarsettum hópum, og eru þess vegna neðarlega í valdastiganum, eru þannig líklegri til að verða fyrir einelti vegna félagslegrar stöðu sinnar. Skólarnir fara aftur á móti eftir einstaklingsmiðuðum viðbragðsáætlunum, eins og venja er í íslensku skólakerfi, þar sem gert er ráð fyrir að einelti stafi af andfélagslegri hegðun einstakra gerenda en félagsleg staða gerenda og þolenda er hundsud (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018). Þannig er litið fram hjá því að hinseginleiki og önnur jaðarsetning þolenda útsetji þá fyrir einelti og því ekki gerðar viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Andúð gegn hinsegin fólki hefur farið vaxandi undanfarin ár og ljóst er að bakslag hefur orðið í réttindabaráttu hinsegin fólks víða um heim (sjá t.d. Alma Mjöll Ólafsdóttir, 2023; Detrow, 2024; Remnick, 2024; Þorbjörg Þorvaldsdóttir, 2023). Lítið gefur til kynna að skólaumhverfi hinsegin nemenda hafi batnað síðan nýjustu rannsóknir voru gerðar. Það er því kominn tími til að skoða hvernig skólarnir bregðast við veruleika hinsegin nemenda sinna og hvernig skólastjórnendur axla þá ábyrgð að byggja upp styðjandi skólaumhverfi fyrir hinsegin nemendur eins og kveðið er á um í íslenskum lögum og aðalnámskrám (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013; lög um grunnskóla nr. 91/2008; lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Aðalnámskrár grunnskóla og framhaldsskóla eru hinar formlegu námskrár sem íslenskum skólum ber að fara eftir samkvæmt lögum. Kjarni menntastefnunnar samanstendur af sex grunnþáttum menntunar sem þar er kveðið á um, en þeir fjalla um starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Einn þessara grunnþátta er jafnrétti en þar er jafnréttismenntun lykilatriði. Hún hefur það að markmiði að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í skólakerfinu. Í sérstöku fylgiriti um grunnþáttinn jafnrétti kemur fram að jafnréttismenntun feli til dæmis í sér að ræða hinseginleika opinskið við unglina, ögra kynjuðum staðalmyndum og greina og gagnrýna ríkjandi hugmyndafræði kynjatvíhyggjunnar (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013). Í sambærilegu fylgiriti um grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi kemur fram að skólasamfélagið þurfi að ýta undir ákveðið gildismat og gagnrýna hugsun hjá nemendum þannig að þeir læri að „bera kennsl á viðhorf og athafnir sem tengjast hugmyndum um mismunun og spyrja sig hverju þurfi að breyta til að hægt sé að byggja upp samfélag þar sem jafnrétti ríkir“ (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 28).

Aðalnámskrá kveður jafnframt á um að einn af hornsteinum íslenskrar menntastefnu sé inngildandi menntun (e. inclusive education), oft kölluð skóli án aðgreiningar. Upphaflega átti þetta hugtak aðallega við um inngildandi menntun fyrir fatlaða nemendur eða nemendur með sérþarfir en nú er átt við að menntun eigi að vera inngildandi fyrir alla (Qvortrup og Qvortrup, 2018), þar á meðal hinsegin nemendur. Í nýju frumvarpi til laga um inngildandi menntun segir að hún sé „grundvöllur þess að börn og ungmenni búi við jafnræði til náms, að þau fái tækifæri til að nýta hæfileika sína til fullnustu og verða virkir þátttakendur í samfélaginu á eigin forsendum“. Jafnframt er tekið fram að þar með sé litið á skólakerfið sem samfélagslegt jöfnunartæki er veiti „öllum börnum jöfn tækifæri

til að ná hámarksárangri þrátt fyrir mismunandi forsendur, ekki aðeins námslega, heldur einnig félagslega“ (frumvarp til laga um inngildandi menntun nr. S-60/2024).

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* er það ekki síst hlutverk skólustjórnaenda að laða fram jákvæðan skólabrag sem er forsendan fyrir bæði góðum námsárangri og jafnrétti. Þar er tekið fram að stjórnendur skuli kappkosta að stuðla að jákvæðum samskiptum og trausti nemenda á milli. Einnig á starfsfólk skóla að leggja áherslu á náms- og sjálfsaga nemenda, umburðarlyndi, kurteisi, sáttfýsi og jákvæð samskipti og ýta þannig undir jákvæðan skólabrag (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Jafnframt segir í fylgiritinu um grunnþáttinn jafnrétti að stjórnendum og starfsfólki skóla beri að fylgjast vel með hvernig jafnréttismálum sé háttað innan skólans og bera stjórnendur ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé unnin í skólanum í samvinnu við starfsfólk. Þar segir einnig að viðhorf og þekking starfsfólks geti skapað góðan anda og stuðlað að góðum samskiptum og þar með skólamenningu sem býr til góðan jarðveg fyrir jafnrétti (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013).

Amalía Björnsdóttir o.fl. (2011) benda á að tengsl séu á milli skólamenningar og námsárangurs og því sé mikilvægt að skólustjórnendur, kennarar og foreldrar móti sameiginlega farsæla skólamenningu á metnaðarfullan hátt. Stjórnun og stjórnunarhættir hafa ekki síst áhrif á skólamenningu og því telur Fullan (2016) það vera hlutverk stjórnenda að móta stofnanamenningu. Það sé ekki nóg að skólustjórar séu faglegir og kennslufræðilegir leiðtogar heldur þurfi þeir einnig að leggja áherslu á umhverfi skólans og vinnuaðstæður fyrir kennara og nemendur. Þeir þurfi að horfa á stóru myndina og hlutverk skólans við að búa til lýðræðislegt samfélag byggt á samkennd (Fullan, 2016). Til að svo megi verða þarf að ríkja traust milli starfsfólks og stjórnenda, þ.e. límið sem heldur skólastarfinu saman (Kaplan og Owings, 2015, 2018; Robinson, 2015). Traust er jafnframt ein forsendan fyrir öfluglu lærdómssamfélagi sem ýtir undir fjölbreytta kennsluhætti og góða skólamenningu (Antinlouma o.fl., 2018). Þar er hinseginvænt námsumhverfi engin undantekning því traust þarf að ríkja milli nemenda, kennara og stjórnenda til að hægt sé að ræða viðkvæma og óþægilega hluti (Meyer, 2007). Þá ber einnig að hafa í huga að grundvöllurinn að menntaumbótum liggur í að líta á menntakerfið sem heildstætt kerfi og viðurkenna að breytingar á því krefjist samvinnu margra ólíkra aðila (Jón Torfi Jónasson o.fl., 2021).

Áhersla á trausta skólamenningu er að mörgu leyti í andstöðu við vaxandi áhrif hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar sem hefur haft mikil áhrif á skólastefnur í Norður-Ameríku og Evrópu og er að ryðja sér til rúms í umræðum um menntun og skólastarf á Íslandi (Auður Magnús Auðardóttir, 2021; Ball og Youdell, 2007). Hugmyndafræði nýfrjálshyggju snýst að miklu leyti um að yfirfæra markaðslögmál yfir á öll svið samfélagsins. Hún reiðir sig á lögmál markaðarins við að finna lausnir á samfélagslegum vandamálum sem umbreytast um leið í einstaklingsvandamál sem aðeins markaðslausnir geta ráðið bót á (Brown, 2006, 2019). Með því er allri ábyrgð varpað yfir á einstaklinginn sem er gerður ábyrgur fyrir bæði eigin lífi og stærri samfélagslegum vandamálum (Cabanas og Illouz, 2019; Gorodnichenko og Roland, 2020).

Samkvæmt hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar er undir einstaklingnum komið hversu langt hann kemst í lífinu og hversu vel honum tekst að yfirstíga hindranir á vegferð sinni (McRobbie, 2015; Türken o.fl., 2016). Mistakist það er það einstaklingnum sjálfum að kenna, án tillits til þeirra kerfislægu þátta sem hygla ákveðnum einstaklingum (t.d. hvítum, gagnkynhneigðum, ófötludum og sískynja) og jaðarsetja aðra. Í skólakerfinu birtist þessi áhersla meðal annars í að árangur skóla er fyrst og fremst mældur í námsárangri og snýst um hvernig skólum tekst til við að framleiða fyrir fram ákveðna þekkingu, svipað og hverja aðra afurð eða vöru. Samkvæmt hugmyndafræði nýfrjálshyggju snýst inngildandi menntun (eða skóli án aðgreiningar) um rétt einstaklingsins til að krefjast betri þjónustu af skólunum og hvernig þeir mæta kröfum við að útbúa einstaklingsmiðað nám (Imsen og Volckmar, 2013). Slík þjónusta endurspeglar jafnframt myndun skólamarkaðar á Íslandi og víðar á síðustu áratugum, sem er önnur birtingarmynd nýfrjálshyggju í skólakerfinu. Þar fléttast saman meira frjálshræði í skólavali, fjölgun einkaskóla og markaðsvæðing sem myndar markaðstorg menntunar þar sem foreldrar úr efri stéttalögum samfélagsins reyna að velja „rétt“ skólann til að veita barninu sínu forskot í samkeppni við önnur börn (Auður Magnús Auðardóttir, 2021; Ball og Youdell, 2007).

Einstaklingsmiðað og markaðsdrifið skólastarf skapar veikar undirstöður fyrir hinseginvænan skóla sem, eins og Steck og Perry (2018) benda á, krefst þess að litið sé á undirliggjandi kerfislæga þætti sem undirskipa hinsegin nemendur. Jafnframt kallar hinseginvænn skóli á skýra stefnumörkun sem hjálpar stjórnendum að bregðast við mismunun, áreitni og ofbeldi gegn hinsegin nemendum. Það krefst hugrekks að takast á við samfélagsleg norm, eins og sís-gagnkynhneigðarhyggju, sem er þó nauðsynlegt til að breyta skólaumhverfinu á jákvæðan hátt fyrir hinsegin nemendur (Steck og Perry, 2018). Enda er það kjarni fagmennsku stjórnenda að geta tekið og borið ábyrgð á erfiðum ákvörðunum í skólastarfi (Hargreaves og Fullan, 2012).

Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni er notast við eigindlega rannsóknaraðferð og byggir hún á viðtölum við skólastjórnendur úr átta af 10 skólum í Kópavogi sem allir hafa víðtæka reynslu af skólastarfi. Gögnin voru þemagreind (Braun og Clarke, 2013, 2021) en þemagreining er sveigjanleg en kerfisbundin leið til að bera kennsl á, túlka og útskýra mynstur í eigindlegum gögnum í samhengi við rannsóknarspurningar. Hún miðar að því að greina gögnin neðan frá (e. bottom up) sem þýðir að þemur eru mótuð á grundvelli kóðunar og greiningar (Braun og Clarke, 2021).

Í þessari rannsókn var farin sú leið að taka viðtöl við skólastjórnendur vegna þess að þeir ættu að hafa besta þekkingu á skólaumhverfi og þeirri menningu sem ríkir í skóla hvers um sig, ásamt þeim ferlum og stefnum sem skólinn fer eftir. Skólastjórnendur eru að jafnaði í miklum samskiptum við nemendur, kennara, annað starfsfólk og foreldra og hafa því víðtæka þekkingu og reynslu til að miðla úr sínum skóla. Jafnframt endurspeglar þeir ríkjandi gildi, viðhorf og starfshætti innan skólanna, sem gefur okkur innsýn inn í hvernig málefnum hinsegin nemenda er háttað.

Aðalhöfundur greinarinnar starfar sem skólastjórnandi í Kópavogi en sá skóli var ekki með í úrtakinu ásamt öðrum skóla sem valinn var af handahófi. Eftir stóðu átta skólar og voru nöfn þeirra sett upp í töflureikni ásamt stöðugildum stjórnenda í skólunum. Stöðugildi eins stjórnanda í hverjum skóla var svo dregið af handahófi úr pottinum.

Gera má ráð fyrir að skólarnir leggi mismikla áherslu á hinseginvæna starfshætti. Við nýttum lagskipt úrtak til að tryggja að rannsóknin næði yfir þá breidd sem ríkir í hinseginvænu skólastarfi í Kópavogi. Af sömu ástæðum völdum við viðmælenda í hverjum skóla af handahófi, til að tryggja að viðmælendur endurspegluðu mismunandi þekkingu sem var til staðar í skólunum; vænst var að það gæfi líka betri heildarmynd. Í úrtakinu voru því tveir skólastjórar, tveir aðstoðarskólastjórar, einn deildarstjóri elsta stigs, tveir deildarstjórar miðstigs og einn deildarstjóri yngsta stigs. Þátttakendur voru frá fertugs- að sjötugsaldri og skilgreindu sig ýmist sem karla eða konur. Þau voru með stjórnunarreynslu frá fáeinum árum upp í nokkra áratugi. Þar sem karlmenn voru í miklum minnihluta stjórnenda í grunnskólum í Kópavogi ákváðu rannsakendur að gefa öllum þátttakendum kvenkyns dulnefni (Alla, Krissa, Kata, Lilja, Silja, Sísí, Sigga og Villa) til þess að tryggja nafnleynd og trúnað.

Gagnaöflun fór fram í október 2023 til febrúar 2024 með einstaklingsviðtölum á vinnustöðum viðmælenda á þeirra vinnutíma. Aðalhöfundur greinarinnar hafði samband við viðmælendur og útskýrði nánar hvað fælist í þátttöku. Viðmælendur undirrituðu samþykkingu fyrir þátttöku þar sem þeir veittu leyfi til að taka viðtalið upp og nota í rannsóknarskyni. Í viðtölunum var notaður hálfstaðlaður viðtalsrammi með opnum spurningum sem gaf möguleika fyrir rannsakendur að fylgja eftir með frekari spurningum (Denny og Weckesser, 2022). Spurt var um bakgrunn og stjórnendareynslu, skólamenningu, hvers konar orðræða væri ríkjandi um hinsegin fólk, hvaða stefnur, námskrár og verkferlar væru til í skólunum sem sneru að jafnrétti og velferð hinsegin nemenda. Einnig var spurt um stuðning og úrræði fyrir hinsegin nemendur, fræðslu um hinsegin málefni í skólunum, bæði fyrir nemendur og starfsfólk, og viðhorf foreldra til fræðslunnar. Að lokum var spurt um hvort skólastjórnendur hefðu orðið varir við bakslagið í réttindabaráttu hinsegin fólks í sínum skóla og hvernig það birtist.

Viðtölin í rannsókninni voru tekin upp og síðan afrituð orðrétt. Í kjölfarið voru gögnin kóðuð í samræmi við aðferðir þemagreiningar og kóðunin notuð til að byggja kóðahópa úr gögnunum til að fanga undirliggjandi hugmyndir og merkingu sem hjálpuðu til við að svara rannsóknarspurningunum. Því næst voru kóðahóparnir notaðir til að móta átta þemu á grundvelli ákveðinna hugmynda sem komu upp aftur og aftur í gögnunum. Að lokum voru þrjú þemu valin til að fjalla um í þessari grein og svara rannsóknarspurningunum.

Tekið skal fram að höfundar þessarar greinar eru báðar hinsegin og hafa því áhrif á rannsóknina með sínum gildum, sögu, sjónarhorni, pólitískum skoðunum og sýn á lífið og skólastarf. Aðalhöfundur greinarinnar, Íris Eysteinsdóttir, er þar að auki skólustjórnaði í Kópavogi. Hún hefur því þekkingu og innsýn sem gerir henni kleift að kafa af dýpt í svör viðmælenda til að skoða þeirra reynsluheim og viðhorf. Því má segja að huglægni sé hér notuð sem rannsóknartól en samkvæmt Braun og Clarke (2021) er hún talin kostur í eigindlegum rannsóknum þar sem litið er á rannsóknarferlið sem huglægt ferli. Það er því okkar hlutverk sem rannsækenda að ígrunda huglægni okkar á gagnrýninn hátt og vera stöðugt meðvitaðar um hana. Að sama skapi veitir okkar staða okkur sjónarhorn á og tilfinningu fyrir viðfangsefninu sem er mikilvægt fyrir rannsókn sem þessa.

Niðurstöður og umræður

Hér á eftir eru teknar saman meginniðurstöður rannsóknarinnar með því að rýna í þrjú þemu hennar sem gefa okkur skýrari sýn á hvers konar skólaumhverfi hinsegin nemendum í Kópavogsbæ sé boðið upp á og hvaða kerfislægu þættir hafi áhrif á það. Þemun eru:

1. *Skólustjórnaendur vilja styðja við hinsegin nemendur en skortir nauðsynlega þekkingu og faglegan stuðning.* Hér er fjallað um stöðu hinsegin málefna í grunnskólum Kópavogs og hvernig viðhorf stjórnaenda einkennist af jákvæðni í garð hinsegin nemenda en einnig þekkingarskorti og skorti á faglegum stuðningi við að byggja upp hinseginvænt skólaumhverfi.
2. *Fánum flaggað: Nemendur fá þau skilaboð að umhverfið sé öruggt á meðan sís-gagnkynhneigðarhyggja er ráðandi.* Hér er fjallað um hvernig aðgerðir til að byggja upp hinseginvænan skólabrag eru einstaklingsmiðaðar, viðbragðsdrifnar og yfirborðskenndar, sem veldur því að skólunum er hætt við að senda út röng skilaboð til hinsegin nemenda.
3. *Kerfislegir þættir ýta undir jaðarsetningu hinsegin nemenda en ábyrgðinni er varpað yfir á samnemendur.* Hér er sagt frá hvernig skólustjórnaendurnir eru lítið meðvitaðir um þá kerfislegu þætti sem ýta undir jaðarsetningu og undirskipun hinsegin nemenda en eiga í staðinn það til að varpa eigin ábyrgð yfir á jaðarsetta nemendur.

Skólustjórnaendur vilja styðja við hinsegin nemendur en skortir nauðsynlega þekkingu og faglegan stuðning

Skólustjórnaendur skipta höfuðmáli við að byggja upp hinseginvænan skólabrag en viðmælendur okkar voru á heildina lítið með jákvætt viðhorf gagnvart hinsegin nemendum og starfsfólki. Það skipti þá máli að koma sem best til móts við þarfir ólíkra einstaklinga og hópa og að öllum væri sýnd virðing og umburðarlyndi, eins og Lilja sagði: „Bara bera virðingu fyrir öllum, fjölbreytileikanum, með það að leiðarljósi að það fái bara allir að vera þeir sjálfir og líða vel.“ Viðmælendur sögðust þó ekki vita hvort hinsegin fólk birtist sem fyrirmyndir í kennslu en allir viðmælendur voru sammála um að kennt væri um mismunandi fjölskyldumynstur, en þó á mismunandi hátt og í mismiklum mæli eftir skólum. Allir viðmælendur sögðu jafnframt að þegar barn opinberaði kynhneigð sína, kæmi út sem trans eða hefði óhefðbundna kyntjáningu væri leitað til sérfræðings, ýmist á vegum Samtakanna '78 eða annarra til að styðja barnið, kennarana og foreldrana. Í öllum skólunum er jafnframt námsráðgjafi til aðstoðar í slíkum málum.

Viðmælendur rannsóknarinnar töluðu allir um mikilvægi þess að fræða nemendur og kennara um hinsegin málefni en viðtölin benda þó til þess að fræðslan sé ómarkviss í flestum skólanna. Silja talaði til dæmis um að hennar skóli hefði verið með fræðslu á unglingastigi en bætti við: „Ég held það sé ekkert svona niðurnjörvað nákvæmt í hverjum árgangi.“ Kata lýsti fræðslunni í sínum skóla svona: „Við erum rosalega mikið bara svona að gera eitthvað. Það er gert á mjög misjafnan hátt, það er engin festa í því skilurðu.“ Í tveimur skólanna reyndist fræðslan vera lítið eitt markvissari. Þar var fræðsla frá Samtökum '78 á hverju ári í tveimur árgöngum og í öðrum skólanna var að auki námsráðgjafi með fræðslu um hinsegin málefni á móti fræðslu samtakanna.

Kópavogsbær er ekki með fræðslusamning við Samtökin '78 og býður ekki upp á markvissa starfsþróun eða vottunarferli til að gera skóla hinseginvænna. Því litu stjórnendurnir á nágrannasveitarfélög sem fyrirmyndir bæði hvað varðaði hinsegin fræðslu og annars konar jafnréttisstarf innan sveitarfélaganna. Viðmælendur höfðu gott álit á Regnbogavottun Reykjavíkur sem er ferli á vegum Reykjavíkurborgar sem miðar að því að gera starfsstaði sveitarfélagsins hinseginvænna. Í henni felst hinsegin fræðsla, úttekt á starfsumhverfi vinnustaðarins og gerð starfsáætlunar um hinsegin málefni (Reykjavík, e.d.). Flestir viðmælenda okkar óskuðu þess að sambærilegt ferli væri í boði í Kópavogi. Kata sagði: „Ég hef kallað eftir því að Kópavogur fari bara í gegnum Regnbogavottunina því þeir halda bara svo vel utan um þetta fyrir mann og það er náttúrulega bara þannig sem skólastjórnendur þurfa svolítið á að halda.“ Stjórnendurnir sögðust telja það kost að skólarnir væru leiddir áfram af sérfræðingum skref fyrir skref til þess að vera hinseginvænir skólar, eins og Silja orðaði það: „Regnbogavottun er bara svolítið spennandi. Þá eru svona sérfræðingar sem halda utan um mann.“

Viðmælendur kölluðu því eftir skýrari stefnumótun hjá Kópavogsbæ hvað varðaði jafnrétti, mannréttindi og hinsegin málefni. Bæjarfélagið er með jafnréttisáætlun en þar er ekki minnst á hinsegin fólk (Kópavogsbær, e.d.). Viðmælendur voru jafnframt sammála um að ekki væru til skýrir verkferlar fyrir skóla að fylgja þegar barn kæmi út sem hinsegin. Þó reyndust allir skólarnir vera með eineltisferla sem þeir grípa til eftir þörfum þegar fordómar eða neikvæð orðræða gagnvart hinsegin nemendum kemur upp. Varðandi hinsegin nemendur þá viðurkenndu Lilja, Krissa og Kata að ekkert væri komið niður á blað í þeirra skólum þó skólarnir væru heldur ekki algjörlega stefnulausir í þessum málum.

Samkvæmt Hargreaves og Fullan (2012) er það eitt af mikilvægustu hlutverkum skólastjórna að sinna stefnumótun, hafa skýra sýn og faglega skólanámskrá ásamt að skuldbinda sig til þess að þróa námskrá, starfs- og kennsluhætti til að festast ekki í viðjum vanans. Það er því á ábyrgð skólastjórna og menntayfirvalda að móta stefnur er varða jafnrétti og velferð hinsegin nemenda, en skólastjórnendum sem rætt var við fannst skorta frumkvæði að slíkri vinnu frá bæjaryfirvöldum. Þegar viðtölin voru tekin voru liðin um það bil tvö ár frá því að Menntasvið Kópavogs stóð fyrir hinsegin fræðslu fyrir starfsfólk í öllum skólum bæjarfélagsins. Viðmælendur sögðust mjög ánægðir með þá fræðslu en sögðu að síðan þá hefði ekki verið nein fræðsla fyrir starfsfólk skóla á vegum bæjarins. Sumir höfðu því leitað til Samtakanna '78, ekki síst í ljósi þess að sumir kennarar væru óöruggir í kennslu um kynhneigð, kyntjáningu og kynvitund. Viðmælendur sögðu kennara oft skorta þekkingu og hæfni til að kenna viðfangsefnið sjálfir eða eiga samtöl um það í kennslu, þrátt fyrir góðan ásetning.

Það er því óhætt að álykta að tækifæri séu til umbóta í hinsegin málefnum hjá grunnskólum Kópavogsbæjar. Samkvæmt Önnu Kristínu Sigurðardóttur (2019) snúast skólaumbætur ekki einungis um kjarnastarfsemi skóla, s.s. nám og kennslu, heldur einnig um þau samskipti sem fara fram í kennslustofunni og þá sérstaklega það félagslega samskipti sem á sér stað á milli nemenda og kennara. Því er ljóst að stjórnendur og menntayfirvöld í Kópavogi þurfa að finna leiðir til að styðja kennara betur þannig að þeir geti byggt upp það traust sem þarf til að fjalla um ofangreind málefni af öryggi. Sérstaklega í ljósi þess að allir viðmælendur rannsóknarinnar höfðu orðið varir við bakslag gegn hinsegin fólki innan skólanna.

Flestir höfðu upplifað að regnbogafánar væru teknir ófrjálsri hendi ásamt að fá símtöl frá foreldrum sem kvörtuðu undan hinsegin fræðslu. Allir töldu að bakslagið væri mest áberandi hjá afmörkuðum hópi nemenda, sem birtist í neikvæðri orðræðu, ofbeldi eða þöggun. Meyer (2007) bendir á þegar framkoma nemanda er ekki í samræmi við sís-gagnkynhneigðarhyggju þá séu orð sem ýja að samkynhneigð nemandans ein áhrifaríkasta leið samnemenda til að ýta viðkomandi neðar í valdastiga skólans. Viðmælendur voru sammála um að nemendur notuðu orð eins og „hommi“ og „faggi“ á neikvæðan hátt til að gera lítið úr drengjum og að slík orðanotkun væri einn skýrasti vitnisburðurinn um að bakslagið gegn hinsegin fólki hefði áhrif innan veggja skólanna, líkt og Villa sagði:

Bara maður er fram á gangi og „helvítis homminn þinn“ ... þau eru að grípa þessi orð sem þau setja neikvæða merkingu. Og hérna þegar maður fer svo að tala við þau þá eru þau bara „ég er sko meina þetta ekki þannig.“

Viðmælendur létu í ljós mikla umhyggju fyrir kennurum og nemendum í sínum skólum en þó mátti greina í viðtölunum að þeir upplifðu hinsegin málefnið sem enn einn hlutinn sem þeir þyrftu að vera sérfræðingar í. Þá töldu þeir sig skorta tíma, þekkingu, stuðning, stefnur og ferla til þess að búa hinsegin nemendum jákvætt og styðjandi skólaumhverfi.

Steck og Perry (2018) hafa bent á að án virks stuðnings menntayfirvalda og stjórnenda sé nánast ómögulegt að ráðast í breytingar er búa til öruggt umhverfi fyrir hinsegin nemendur. Því telur Paiz (2020) það lykilatriði að skólastjórnendur átti sig á ábyrgð sinni og áhrifum sem þeir geta haft á kennsluhætti, kennara og skólamenningu. Þeir þurfi að bera kennsl á þau viðmið og ferla sem ýta undir normin innan skólanna og hvað þurfi að gera til að leiðrétta þau. Eins og hér hefur komið fram reyndust stjórnendurnir allir jákvæðir gagnvart hinseginleikanum, en sú jákvæðni virðist skila sér takmarkað inn í skólastarfið þar sem fræðsla er ómarkviss og óregluleg auk þess sem það skorti stuðning frá sveitarfélaginu og sérfræðiþekkingu á hvernig byggja ætti upp hinseginvænt skólasamfélag.

Fánum flaggað: Nemendur fá þau skilaboð að umhverfið sé öruggt á meðan sís-gagnkynhneigðarhyggja er ráðandi

Í þessu þema er sjónum beint að umhverfinu og skólamenningunni í grunnskólum Kópavogsbæjar og skoðað hvaða þættir hafa áhrif á hana. Viðmælendur sýndu skýran vilja til að byggja upp jákvæðan skólabrag og öruggt skólaumhverfi fyrir alla nemendur. Niðurstöður sýna þó einkum tvennt sem bendir til þess að huga megi mun betur að hinseginvænu námsumhverfi í skólunum. Annars vegar lögðu viðmælendur mikla áherslu á regnbogafána og önnur hinsegin tákn í umhverfinu til að gefa til kynna að skólaumhverfið væri öruggt, sem gæti þó snúist upp í andhverfu sína. Hins vegar sýna niðurstöðurnar að skólamenningin og umhverfið einkennist jafnan af því að ekki sé brugðist við hinsegin andúð fyrir en eftir að tilvik eiga sér stað. Aftur á móti sé lítið sem ekkert um fyrirbyggjandi aðgerðir sem fela í sér að umbreyta skólamenningu er einkennist af sís-gagnkynhneigðarhyggju. Fánarnir geta því auðveldlega sent fólksk skilaboð við nánari athugun.

Það kom skýrt fram að viðmælendur vildu leggja áherslu á að búa til hinseginvænt umhverfi fyrir nemendur en höfðu takmarkaða þekkingu á hvernig hægt væri að byggja það upp. Þeir höfðu farið þá leið að hafa hinsegin fána sýnilega ásamt lyklaböndum, regnbogamerktum dagbókum og öðrum regnbogavarningi í umhverfinu til að sýna fram á að skólinn þeirra væri hinseginvænn. Sísí sagði: „Það er einn lítill hlutur sem hefur verið ótrúlega vel gert, til dæmis að vera með herna, fánana, hinsegin fána, svona á við og dreif“ og Lilja greindi frá því að stór fáni blasti við þeim sem gengju inn í skólann á ákveðnum stað. Silja tók í sama streng og sagði skólann sinn fagna fjölbreytileikanum með því að vera með regnbogafána sýnilega. Sigga tók undir: „Allavega að vera með þennan fána hangandi frammi þá svona erum við að taka ákveðna afstöðu.“

Þó virtist öllum viðmælendum ljóst að hinsegin andúð fyrirfyndist í þeirra skólum. Sumir viðmælendanna vildu skrifa það á hugsunar- eða þekkingarleysi, eins og Kata sem sagði:

Þetta eru oftast strákar sem eru í þessu. Svo fer maður að ræða þetta við þá. „Skilurðu, hvað varstu að segja við hann, hvað eruð þið að segja við hver annan? Hva, við erum bara að segja þessi orð, bara hommi og tussa.“

Svo virtist sem litið væri á tilvikin sem einstaklingsbundna bresti eða hugsunarleysi en ekki birtingarmyndir stærra samfélagslegs vandamáls. Það er í takt við þá staðreynd að ekki eru til stefnur eða ferlar um hinsegin andúð í grunnskólum Kópavogsbæjar. Þegar hinsegin andúð kemur upp á yfirborðið er farið með hana eins og hvert annað agabrot án þess að litið sé sérstaklega til þess að hún beinist gegn jaðarsettum hópi og eigi þátt í jaðarsetningu hans. Sigga sagði svona frá ferlinu í hennar skóla: „Þetta er meira svona óskrifað ferli. Fer bara í sama ferli og önnur agabrot ... Hvert tilvik er líka sérstakt.“ Villa tók í sama streng: „Við höfum merkt inn í Mentor, þú veist. Dónaskapur, eða sent póst, niðrandi ummæli um [nafn nemanda].“ Lilja hafði sömu sögu að segja um viðbrögð skólans: „Þá er bara brugðist við þessu eins og öllu öðru í rauninni, hvort sem það er þetta, eða bara annarri áreitni.“

Svipað er upp á teningnum þegar um er að ræða hinsegin börn sem þurfa sérstakan stuðning vegna hinseginleika síns. Þegar nemendur koma út sem trans þá bregðast skólarnir oftast við með því að fá aukna fræðslu um hinsegin mál, svipað og Silja lýsti: „Ég man bara fyrsta skiptið sem við fengum trans nemanda að þá fengum við fræðslu um það.“ Lilja sagði jafnframt: „Og náttúrliga líka var brugðist við því þegar það voru að koma hérna inn trans drengir með einmitt að fá fræðslu og vera tilbúin til þess að grípa ef það er eitthvað.“ Alla sagði einnig að ef kennarar upplifðu „meiri fordóma í hópnum“ væri kölluð til viðbótarfræðsla og bætti við: „Þegar að nemendur eru að stíga fram í rauninni sem trans eða kynsegin – við höfum ekki verið með neina skýra verkferla þegar einhver kemur út úr skápnum en auðvitað er allt tekið bara með samtali.“

Af þessu má ráða að starfshættir skóla Kópavogsbæjar varðandi hinsegin nemendur snúast fyrst og fremst um að bregðast við stöku atvikum, sem koma upp í skólunum í stað þess að grípa til kerfislægra aðgerða varðandi umhverfi þeirra og menningu. Gögn frá Samtökunum '78 benda til þess að Kópavogur sé ekki eina sveitarfélagið þar sem starfshættir eru viðbragðsdrifnir. Í ársskýrslu samtakanna frá 2024 kemur fram að beiðnum um fræðslu hefur fjölgað ár frá ári og að þær beiðnir reynist oft vera viðbrögð við aðstæðum sem koma upp í skólastarfinu (Álfur Birkir Bjarnason o.fl., 2024). Það er þó skýrt í lögum og stofnanalegri umgjörð grunnskólamenntunar á Íslandi að meira sé krafist af skólunum, til dæmis að þeir beri ábyrgð á að kenna börnum að bera kennsl á þætti í samfélaginu sem orsaka mismunun og skapa tækifæri til jafnréttis og réttlætis (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Paiz (2020) heldur því fram að ef skólar geri ekki ráð fyrir að hluti nemenda sé hinsegin, óháð því hvort þeir hafi opinberað hinseginleika sinn, þá upplifi þeir að þeir passi ekki inn í skólaumhverfið. Einnig sé verið að búa til kjöraðstæður fyrir einelti, áreitni og annars konar hegðun sem ýti undir vanlíðan hinsegin nemenda. Því sé mikilvægt að búa til skólamenningu sem geri ráð fyrir hinsegin nemendum og vinni gegn kerfislægum þáttum er jaðarsetja þá, til dæmis sís-gagnkynhneigðarhyggju. Það er meðal annars gert með því að ýta undir þekkingu og skilning allra nemenda á hinseginleika og hinsegin menningu, styðja við gagnrýna hugsun, rýna með starfsfólki og nemendum í hvernig kynverund og sjálfsmynd okkar er stýrt, meðal annars í gegnum dulda námskrá skólans, skoða viðtekin viðmið og afleiðingar þeirra, aflæra kynjahandrit samfélagsins, búa til öruggara rými fyrir þau sem falla ekki að viðteknum viðmiðum og margt fleira (Keenan, 2017; Paiz, 2020).

Steck og Perry (2018) telja að gagnkynhneigðarhyggja haldist í hendur við þöggunarmenningu innan skólakerfisins þar sem hún ýti undir afneitun á upplifunum og veruleika hinsegin nemenda, sem einkennist gjarnan af mismunun, útilokun og andúð. Að búa til öruggari og styðjandi skóla þýðir því að brjóta niður gagnkynhneigðarhyggju (Steck og Perry, 2018), sem leysir alla nemendur undan þeirri pressu að standast væntingar sem gerðar eru til þeirra á grundvelli kyns. Slík vinna við að brjóta upp ríkjandi viðmið sé því jákvæð fyrir nemendahópinn í heild sinni (DePalma, 2013; Keenan, 2017; Paiz, 2020).

Þessir fræðimenn undirstrika að ekki sé nóg að bregðast við tilteknum tilfellum heldur þurfi hinseginvæn skólamenning ávallt að vera til staðar. Það virðist þó aldrei raunin í Kópavogsbæ ef marka má viðmælendur rannsóknarinnar. Alla sagði til dæmis skipta miklu máli að það væri einhver hinsegin í skólanum til að hinsegin málefni kæmust á dagskrá:

Þar sem að við erum með einstaklinga sem eru opinskáir með sína kynvitund og skilgreina sig ekki eftir sínu meðfædda kyni að þar er orðræðan, það er auðveldara fyrir fólk að aðlagast sig þar ... það er eins og fólki finnist eins og það skipti minna máli ef það er enginn búinn að stíga fram með þetta.

Hún sagði jafnframt að hún upplifði ekki fordóma hjá starfsfólki skólans gagnvart nemendum með óhefðbundna kyntjáningu heldur einkenndust viðbrögð þeirra frekar af skilningsleysi: „Eitthvað æi, þú veist, vesen og finnst erfitt að breyta.“ Hindranirnar liggja því að einhverju leyti í hinum sís-gagnkynhneigðu gildum sem viðhöfð eru í samfélaginu og skólunum. Af orðum viðmælenda má ráða að innan skólanna sé starfsfólk sem sjái ekki tilgang í að stíga meðvituð skref í átt að hinseginvænum skólabrag ef enginn nemandi innan skólans er opinberlega hinsegin. Því eru sís-gagnkynhneigð orðræða og gildi ráðandi og samþykkt, sem hefur vafalaust áhrif á að hinsegin nemendur, einnig þeir sem telja að þeir gætu verið hinsegin, eru rækilega faldir sjónum skólastjórnenda.

Af þessu má ráða að þótt stjórnendur séu allir af vilja gerðir og líti á sig sem fordómalaus þá vantar þá meðvitund um þau samfélagslegu viðmið, svo sem sís-gagnkynhneigðarhyggju, sem ráða ríkjum innan skólans, jaðarsetja hinsegin nemendur og gera þá útsetta fyrir einelti og áreitni. Þegar þannig er í pottinn búið er auðveldara að hugsa um veruleika hinsegin nemenda sem stök atvik sem koma upp vegna fordóma tiltekinna einstaklinga og líta fram hjá tengslum þessara atvika við samspil ólíkra félagslegra þátta, til dæmis félagslegrar stöðu þolenda og gerenda eða undirliggjandi viðmiða og menningar skólans, líkt og fjallað er um í næsta kafla.

Viðtöl rannsóknarinnar benda því til þess að sís-gagnkynhneigðarhyggja sé ráðandi í skólaumhverfinu í grunnskólum Kópavogsbæjar, eins og víðast hvar annars staðar. Stjórnendur skólanna reyni að búa til hinseginvænt umhverfi með því að kalla inn hinsegin fræðslu stöku sinnum, flagga hinsegin fánum og að hafa hinsegin tákn sýnileg í umhverfinu. Þeir senda því út skilaboð um að umhverfið sé öruggt á meðan gögnin sýna að allir viðmælendur hafi orðið varir við hinsegin andúð í þeirra skólum og því hætt við að hinsegin nemendur upplifi stríðni, áreitni og jafnvel einelti. Niðurstöður sýna að hvergi er farið í kerfisbundnar úrbætur á skólamenningunni heldur glíma skólarnir við fordóma og neikvæða orðræðu á viðbragðsdrifinn hátt. Hinsegin málefni eru tekin upp þegar hinsegin andúðar verður vart hjá einstaka aðilum eða þegar nemandi opinberar hinseginleika sinn.

Því má segja að þótt hinsegin tákn geti gefið hinsegin nemendum til kynna að þeir njóti stuðnings frá kennurum og starfsfólki, sé hætt við að þau sendi fólksk skilaboð um að skólarnir séu öruggt umhverfi á meðan hinsegin andúð er vandamál í þeim öllum. Skólarnir byrja því sennilega á öfugum enda með því að flagga regnbogafánum. Þeim er síðan stolið, þeir skemmdir eða á annan hátt notaðir til að gera lítið úr hinsegin fólki. Því mætti spyrja hvort skólarnir séu óafvitandi að búa til kjöraðstæður fyrir öráreitni (e. microaggressions), þ.e. skammvinn hversdagsleg skilaboð til þeirra sem tilheyra ákveðnum samfélagshópum sem hafi niðrandi eða niðurlægjandi áhrif og eigi þátt í jaðarsetningu hópsins (Sue, 2010).

Þrátt fyrir góðan ásetning skorti viðmælendur okkar einfaldlega þekkingu á hvernig best væri hægt að stuðla að vellíðan hinsegin nemenda í skólanum. Grunnskólar í Reykjavík fara í gegnum ákveðið ferli til að fá regnbogavottun, sem er hönnuð af sérfræðingum í hinsegin málefnum. Þar kemur skýrt fram að rýna þarf starfshætti, námsumhverfi og skólamenningu áður en vinnustaðurinn er skreyttur með hinsegin táknum til að innistæða sé fyrir þessum sýnilega stuðningi (Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, munnleg heimild, 17. janúar 2024). Sú staðreynd að hugmyndir skólastjórnenda hjá Kópavogsbæ ná ekki lengra en að hengja upp regnbogafána og kalla eftir viðbragðsdrifinni fræðslu vitnar því ekki síst um skort á viðeigandi stuðningi og sérfræðiþekkingu innan bæjarfélagsins.

Kerfislægir þættir ýta undir jaðarsetningu hinsegin nemenda en ábyrgðinni er varpað yfir á samnemendur

Norðurlöndin eru þekkt fyrir framúrskarandi menntakerfi sem einkennast af sterkum og góðum gildum þar sem jafnrétti og mannréttindi eru í hávegum höfð. Samkvæmt Rönnerberg og Candido (2023) eru hugmyndir nýfrjálshyggju þó farnar að hafa talsverð áhrif á norrænu menntakerfin og er Ísland þar engin undantekning (Auður Magnús Auðardóttir, 2021; Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger, 2024).

Samkvæmt hugmyndum nýfrjálshyggju er lögð áhersla á ábyrgð og réttindi einstaklingsins í stað þess að beina sjónum að þeim félagslegu kerfum sem jaðarsetja sum og ýta undir forréttindi annarra (Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger, 2024; Brown, 2006, 2019; Cabanas og Illouz, 2019). Áhrif nýfrjálshyggju birtast í skólakerfinu á ýmsan hátt en hér er sérstaklega fjallað um hvernig viðmælendur rannsóknarinnar einstaklingsgera þann vanda sem hinsegin nemendur standa frammi fyrir með því að varpa ábyrgðinni yfir á ákveðna hópa nemenda, foreldra og starfsfólks innan skólasamfélagsins í Kópavogi.

Svör viðmælenda ríma við algengar hugmyndir um að Ísland sé framúrskarandi í réttindum og aðbúnaði hinsegin fólks (Íris Ellenberger, 2017). Finna má keim af þessari orðræðu í viðtölum rannsóknarinnar, sérstaklega í hugmyndum að „við“ séum (eða eigum að vera) komin langt á veg í jafnréttismálum. Síð sagðist til dæmis telja að það ætti ekki að þurfa að vera með hinsegin fræðslu: „Skilurðu, það er 2023. Við erum bara, eigum að vera svo bilaðslega upplýst að þetta á ekki að vera neitt issue skilurðu, fólk er bara eins og það er.“ Gögnin sýna einmitt að viðmælendur telja að samkynhneigðir séu að fullu eða flestu leyti innlimaðir í samfélagið, líkt og greina mátti í orðum Lilju:

Svo held ég líka að hérna, maður er einhvern veginn hættur að þæla í þessu skilurðu. Þú veist við erum ekkert mikið að tala um lesbíur og homma á daily basis því þetta er bara orðið hluti af [samfélaginu] ... Þetta á bara að vera venjulegt, vera eðlilegt.

Þessi hugmynd um að Ísland sé til fyrirmyndar í hinsegin málum útskýrir ef til vill hvers vegna viðmælendur telja að aðbúnaður hinsegin nemenda í skólunum sé almennt góður, þrátt fyrir að þeir viti að hinsegin andúð finnist innan skólans og að fá skref séu stigin til að vinna kerfisbundið að hinseginvænni skólamenningu. Villa sagði til dæmis: „Við reynum að tala alltaf af þessari virðingu fyrir öllum, þú veist, og það eiga allir rétt á virðingu. Við þurfum ekki að vera sammála en við þurfum að virða.“ Sigga tók í sama streng: „Ég myndi segja að almennt séu allir mjög opnir og jákvæðir og góðir ... ég held að það sé hópur sem sé bara mjög samstíga í því að við erum opin fyrir öllum og tökum öllum bara fagnandi eins og þeir eru.“

Það mátti því segja að ákveðin þversögn einkenndi mál viðmælendanna, sem útskýrist að einhverju leyti þegar litið er til þess hvar þeir staðsetja vandann sem steðjar að hinsegin nemendum innan skólans. Samkvæmt þeim liggur vandinn ekki í skólamenningunni eða ríkjandi samfélagsviðmiðum eins og sís-gagnkynhneigðarhyggju, sem myndi ganga í berhögg við ofangreindar hugmyndir um Ísland sem fyrirmyndarland. Þessi í stað er vandamálið talið liggja hjá tilteknum einstaklingum sem sýna fordómafulla hegðun. Þessir einstaklingar eru oftast en ekki nemendur og foreldrar af erlendum uppruna eða í jaðarsettri stöðu af einhverjum ástæðum. Umfjöllun Villu um hatursorðræðu er skýrt dæmi um hvernig stjórnmendur staðsetja vandann ekki í skólamenningunni heldur hjá einstaka nemendum:

Þessi hatursorðræða sem er komin í gang og mér finnst vera þú veist, verða meiri og meiri ... Mér finnst nemendurnir okkar sem kannski þurfa meiri sérkennslu út af námsvanda hvað verstir. Þeir eru með fordóma, með meiri fordóma og það er erfiðara að ná til þeirra. Þau sem eru af erlendu bergi. ... Já, það er bara sem minnihlutahópar og ég eins og ég segi ég er bara þínu sár yfir því að við séum aftur að fara þarna.

Að mati Villu liggur vandi hinsegin nemenda ekki í skólaumhverfinu heldur hjá hópi nemenda sem eru einkum af erlendum uppruna. Krissa staðsetti vandann kyrrfilega hjá nemendum og foreldrum af tilteknum þjóðernum þegar hún sagði: „Það eru sem sagt, frá gömlu Austur-Evrópu, þar sem ég er að horfa á aðallega, eru frá Litháen og Póllandi en við höfum kannski mesta reynslu af því.“ Hún nefnir sérstaklega föður pólsks nemanda: „Pólskur drengur sem sagði þetta ... eitthvað sem að pabbi segir að sé ekki til og eitthvað svona“ og vísar til þess að foreldrar viðkomandi nemanda haldi því fram að samkynhneigð sé ekki til. Alla sagðist telja að vandamálið lægi í erlendri menningu foreldranna og tiltók dæmi af viðbrögðum foreldra af erlendum uppruna þegar nemandi gekk út úr hinsegin fræðslu:

Parna er bara sama viðhorf heima, í heimalandinu, og við sitjum jafnvel bara á fundum með foreldrum sem eru bara, „já einmitt, þetta er svona ... það er bara okkar trúarbrögð og ég er bara ánægð að heyra að sonur minn sé að setja mörk með þetta og hann á ekkert að þurfa að hlusta á svona bull“.

Lausnin gagnvart fjandsamlegu námsumhverfi hinsegin nemenda felst því hjá mörgum viðmælendanna fyrst og fremst í að foreldrarnir þurfi að samlagast betur íslensku samfélagi og gera sér grein fyrir að jafnrétti og umburðarlyndi séu hluti af íslenskri menningu. Það er oft gert á faglegum forsendum eins og hjá Sísí þegar erlent foreldri kvartaði yfir hinsegin fræðslu:

Ég sagði henni að við værum náttúrulega að vinna eftir íslenskri aðalnámskrá, við yrðum bara að gera það og barnið hennar ætti náttúrulega rétt á þessari fræðslu þó svo að hann mætti sjálfur ekki vera samkynhneigður eða, hán eða eitthvað öðruvísi, en þetta er normið hjá kaþólikkum.

Silja var á sama máli og sagði að „sem menntastofnun stjórnun við því sem á að fara fram og það eru bara lög um námskrá og námsefni“. Alla dró aftur á móti fram íslenska menningu og hvernig hinsegin fræðsla sé hluti af menningarfræðslu fyrir erlenda nemendur:

Við reynum bara að fræða um íslenskt samfélag. Hér má bara fólk vera eins og það er og hér bara má fólk í fyrsta lagi skilgreina sig eins og það vill og öðru lagi bara elska þann sem þeim sýnist og það komi þeim ekkert við. Við erum bara í íslensku samfélagi og hér er bara skólaskylda, og fræðsluskýlda. Þetta er bara liður í því sem við eigum og viljum kenna íslenskum börnum í íslensku samfélagi. Þeim ber bara að taka þátt í íslensku skólastarfi eins og það er.

Það er þó ekki aðeins erlent þjóðerni sem einkennir þá nemendur sem viðmælendur okkar staðsetja vandann hjá. Alla sagðist til dæmis telja að vandinn lægi hjá nemendum sem eru „svona félagslega slakir, kannski virkilega slakir einstaklingar sem það var auðvelt fyrir þessa sterkari að hafa áhrif á“. Það sem þeir eiga þó flestir sameiginlegt er að vera á einhvern hátt jaðarsettir eða eru hluti af hópum sem eru oft framandgerðir í íslensku samfélagi, s.s. tilheyra „hinum“ sem eru ekki hluti af „okkur“ Íslendingum. Þegar Lilja talaði um nemanda með hinseginfjandsamlegar skoðanir tók hún sérstaklega fram að hann hefði „einhverfutendensa og þráhyggju“ sem útskýrði að einhverju leyti skoðanir hans:

Svo erum við bara með einn nemanda hérna sem er bara hvað á ég að segja, hann er svona þjóðernis[sinni], þú veist, hann er í þeirri þælingu. Það þarf bara að taka það reglulega, taka umtalið. Við náttúrulega vitum að við erum með alla flóruna þar. Það eru bara einhverjir svona einhverfutendensar og þráhyggja, þú veist, þannig að þetta kemur svolítið þar.

Þegar Kata talaði um þá sem setja sig upp á móti hinsegin fræðslu sem „háværan grenjandi minnihluta“ passaði hún sig þó á að nefna að þetta væri oftast trúað fólk og ekki bara hvaða trúaða fólk sem er heldur „fólk sem er í einhverjum sértrúarsöfnuði“. Það mátti því greina tilhneigingu hjá viðmælendum til að staðsetja þetta félagslega vandamál (hinsegin andúð) fyrst og fremst hjá einstaklingum sem tilheyra jaðarhópum eða teljast af einhverjum ástæðum ekki til „venjulegra Íslendinga“. Skólastjórnaendurnir eru ekki einir með slík viðhorf, en rannsókn á orðræðum um samkynhneigða karla í íslenskum tímaritum á árunum 1990–2010 leiddi einmitt í ljós að sökinni

á hinsegin andúð samfélagsins var kerfisbundið varpað á herðar erlendra ríkisborgara, einstaklinga með geðræn vandamál eða fíknivanda og jafnvel á samkynhneigðu karlana sjálfa (Iris Ellenberger og Þorsteinn Vilhjálmsson, 2024).

Stasi og Evans (2013) hafa jafnframt skoðað orðræður um hinsegin íþróttafólk á Íslandi og benda á að þær ýti undir einstaklingshyggju án þess að gagnrýna hinsegin andúðina sem er til staðar í samfélaginu. Sambærilega tilhneigingu má finna í máli viðmælenda okkar þar sem fléttast saman hugmyndir um Ísland sem hinsegin fyrirmyndarland og einstaklingshyggja sem staðsetur samfélagslegan vanda hjá tilteknum einstaklingum og skautar fram hjá þeim kerfislægu þáttum, sér í lagi ríkjandi sís-gagnkynhneigðarhyggju, sem valda því að hinsegin nemendur eru jaðarsettir innan skólanna. Lausnin verður þannig að breyta þessum fordómafullu einstaklingum og hópum, eða að setta sig við þá hugmynd að þeir búi yfir ákveðinni menningu sem verði ekki breytt. Jafnframt verður hinseginvænn skólabragur að yfirborðskennndum regnbogaskreytingum eða viðbragðsdrifinni hinsegin fræðslu í stað róttækra breytinga á skólamenningunni.

Eins og fram hefur komið eru fræðimenn á sviði hinsegin menntunarfræða (sjá t.d. DePalma, 2013; Keenan, 2017; Paiz, 2020) aftur á móti á einu máli um að til að hinsegin nemendur upplifi skólaumhverfið sem öruggt og hinseginvænt þurfi að skoða skólamenninguna og aðra kerfislæga þætti með áherslu á að brjóta niður sís-gagnkynhneigðarhyggjuna sem skapar norm sem jaðarsetur hinsegin nemendur. Þar sem stjórnun og stjórnunarhættir hafa gríðarleg áhrif á skólamenningu (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2011) eru stjórnendur í lykilhlutverki við að leiða þá róttæku vinnu sem þarf að leggjast í ef hinsegin nemendum á almennt að líða vel í skólanum. Það er þeirra hlutverk að móta stofnanamenninguna í sínum skóla og búa til gott námsumhverfi fyrir alla nemendur (Fullan, 2016).

Af máli viðmælenda okkar má ráða að þrátt fyrir að þeir séu allir af vilja gerðir þá reynist það þeim áskorun að axla þá ábyrgð sem krafist er af stjórnendum. Það orsakast af því að þeir hafa ekki þá kerfislægu hugsun eða sýn sem þarf til að koma auga á og vinna gegn kerfislægum hindrunum eins og sís-gagnkynhneigðarhyggju. Það kemur í veg fyrir að þeir beri kennsl á raunverulegar rætur vandans en staðsetja hann þess í stað hjá jaðarsettum nemendum og foreldrum þeirra. Orðræður nýfrjálslyggjunnar spila hér stórt hlutverk en þær annars vegar setja samfélagslega ábyrgð á herðar einstaklingum og hins vegar stilla þær Íslandi og Íslendingum upp sem hinsegin inngildandi í eðli sínu. Þessar orðræður byrgja skólastjórnendum sýn á kerfislægar hindranir og valda því að þeir í raun varpa eigin ábyrgð yfir á þá nemendur og foreldra sem eru ólíklegastir til að geta sett hinsegin andúð sína í samfélagslega ásættanlegan búning. Sökinni er því varpað á einstaklinga sem tilheyra oft sjálfir minnihlutahópum í stað þess að fara í róttækari aðgerðir til að breyta skólamenningunni.

Lokaorð

Ísland er þekkt fyrir að vera framarlega í jafnréttismálum og skólinn er talinn samfélagslegt jöfnunartæki en það felur í sér að hafa jafnrétti sem leiðarljós í öllu skólastarfi. Í þessari rannsókn var markmiðið að skilja hvernig námsumhverfi og staða hinsegin nemenda er í grunnskólum í Kópavogi. Yfirrannsóknarspurningin sem lá til grundvallar var: Hvað í umhverfi, skólamenningu og kennsluháttum skapar jákvætt námsumhverfi fyrir hinsegin nemendur og hvað hefur áhrif á þessa þætti? Einnig var leitast við að svara undirspurningunum: Hvaða hinsegin fræðsla er til staðar í grunnskólum, hversu markviss er hún og hvernig er hún útfærð? Hver er upplifun skólastjórnenda af áhrifum bakslags gegn hinsegin fólki á námsumhverfi hinsegin nemenda í skólum? Hvaða kerfislægu þættir hvetja til eða hindra uppbyggingu hinseginvæns námsumhverfis fyrir grunnskólanemendur?

Niðurstöður gefa til kynna að viðmælendur rannsóknarinnar séu jákvæðir í garð hinsegin fólks og vilji gjarnan skapa jákvæðan skólabrag og öruggt skólaumhverfi fyrir hinsegin nemendur. Helstu úrræði þeirra eru hinsegin fræðsla og hinsegin tákni á áberandi stöðum í skólanum. Fræðsla um hinsegin málefni fer fram í öllum skólunum, þó aðeins einu sinni á ári að jafnaði eða sjaldnar og með frekar ómarkvissum hætti. Einnig skortir stefnumörkun og verkferla hjá sveitarfélaginu og skólarnir

virðast ekki fá nægilegan faglegan stuðning til að ráðast á vandann með róttækum og markvissum hætti. Stjórnendur hafa því takmarkaða þekkingu á hvaða leiðir hægt er að fara, aðrar en að flagga hinsegin fánum og öðrum táknum til að senda þau skilaboð að umhverfið sé eða eigi að vera öruggt og styðjandi fyrir hinsegin nemendur. Þó birtist hinsegin andúð í umhverfi allra skólanna í formi þöggunar, neikvæðrar orðræðu og fordóma. Því er hætt við að fánarnir sendi fólksk skilaboð um öruggt umhverfi.

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að skortur á kerfislægum viðbrögðum til að bæta námsaðstæður hinsegin nemenda helst í hendur við ákveðna þversögn í hugmyndum viðmælenda. Viðmælendur okkar hafa allir orðið varir við „bakslagið“ í hinsegin málum. Þar er átt við aukna fjandsamlega orðræðu gagnvart hinsegin fólki, sem hefur skilað sér inn til nemenda í grunnskólum Kópavogs að mati viðmælenda. Stjórnendurnir eru þó á sama tíma flestir undir sterkum áhrifum hugmynda um Ísland sem fyrirmyndarland í hinsegin málum sem útskýrir hvers vegna þeir líta á skólana sína sem hinseginvæna þrátt fyrir þá fordóma, andúð og aðrar birtingarmyndir bakslagsins sem þar er að finna. Þessa þversögn skýra þeir með því að einstaklingsgera þennan samfélagslega vanda, gjarnan með því að benda á nemendur og foreldra af erlendum uppruna sem orsök hinsegin andúðar innan skólans. Einnig kemur fyrir að þeir telji vandamálið liggja hjá nemendum með námserfiðleika, hegðunarvanda eða einhverfu og foreldrum í „sértrúarsöfnuðum“.

Þegar þannig er í pottinn búið verður lausnin við vandamálinu að laga þessi fáu „skemmdu epli“ í stað þess að skoða undirliggjandi viðhorf og kerfi sem jaðarsetja hinsegin nemendur. Þessi afstaða er í takt við hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar sem umbreytir samfélagslegum vandamálum í einstaklingsvanda. Hún myndar því áberandi kerfislæga hindrun sem kemur í veg fyrir að hinsegin nemendur standi jafnfætis öðrum nemendum, fyrst og fremst með því að leggja samfélagslega ábyrgð á herðar einstaklingum.

Önnur hindrun er sís-gagnkynhneigðarhyggja sem ríkir víðast hvar í samfélaginu og skólakerfinu, meðal annars í Kópavogi. Paiz (2020), Keenan (2017), DePalma (2013) og fleiri fræðimenn undirstrika að hinseginvæn skólamenning þurfi ávallt að vera til staðar til að hinsegin nemendum líði vel og að þeir geti tekið þátt í námi til jafns við aðra nemendur. Þannig skólamenning vinni markvisst gegn þeirri sís-gagnkynhneigðarhyggju sem einkennir samfélag okkar, ekki síst í skólamenningunni. Til að svo verði þurfa skólastjórnendur stuðning frá menntayfirvöldum við að koma auga á og uppræta þá kerfislægu þætti sem jaðarsetja hinsegin nemendur og búa þeim óöruggt námsumhverfi. Á meðan litið er á hinsegin andúð sem einkamál nokkurra vandræðaseggja verður ekki hægt að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem fylgja gagnkynhneigðarhyggju.

Menntaumbætur og skólaþróun eru flókin fyrirbæri sem aðeins er hægt að ná fram með samstilltu átaki margra aðila. Barrenechea o.fl. (2023) hafa greint fjölda rannsókna á menntaumbótum til að komast að því hvaða leiðir reynist vænlegastar til að ná árangri. Þeir segja að menntaumbætur snúist um að bjóða upp á hágæða menntun fyrir alla en oft á tíðum hafa þær mistekist þar sem þær hafa ekki náð utan um nemendur sem eru jaðarsettir eða illa staddir af öðrum orsökum. Þeir telja að breyta þurfi kerfum í heild með víðtækum leiðum og samráði þótt það krefjist þolinmæði og langlundargeðs. Ekki síst þurfi menntaúrbætur að vera hluti af samfélagslegum úrbótum og til að ná árangri þurfi óskir um þær að koma frá menntakerfinu sjálfu.

Jón Torfi Jónasson o.fl. (2021) álykta að þótt að skólastjórnendur gegni lykilhlutverki í að hrinda menntaumbótum í framkvæmd og leiða þær í skólunum beri þeir ábyrgðina ekki einir. Til að umbætur í skólastarfi skili árangri þarf samstillt átak frá öllum þeim sem að menntamálum koma og ekki síst stefnumótandi aðilum eins og ríki, sveitarfélögum og alþjóðastofnunum ásamt skólastjórnendum, kennurum og foreldrum. Umbætur ná framgangi ef ofangreindir aðilar vinna saman með stuðningi stjórnsýslunnar. Helstu áskoranir sem skólastjórnendur standa frammi fyrir eru til dæmis árekstur á milli stjórnsýslulegra og faglegra, þ.e. kennslu- og menntunarfræðilegra, hliða starfsins og þær undirstrika mikilvægi kerfisbundins stuðnings og dreifðrar ábyrgðar til að knýja fram raunverulegar breytingar.

Niðurstöður okkar benda einmitt til þess að þrátt fyrir góðan ásetning skólastjórnenda í Kópavogi hafi ekki tekist að búa hinsegin nemendum öruggt og styðjandi skólaumhverfi. Til þess að sú geti orðið raunin þurfa menntayfirvöld sveitarfélagsins og ríkisins að setja hinseginvænan skóla á dagskrá sem viðfangsefni sem krefst samhentrar vinnu og verður ekki leyst með yfirborðsskreytingum.

Inclusion of LGBTQ+ Students in Primary Schools in Kópavogur – Principals' perceptions and experiences

Iceland is known for being a global leader in equality and human rights and has a strong international reputation regarding LGBTQ+ rights. In this LGBTQ+ model country, the school system and schools are also considered the primary tools for social equality. However, recent studies suggest that young LGBTQ+ individuals experience more significant discomfort in school and feel more insecure than their cisgender, heterosexual peers. This study aims to understand the status of LGBTQ+ students in the Icelandic school system and to investigate the institutional approaches for facilitating their inclusion. We chose to examine schools in one municipality, Kópavogur. We interviewed eight school administrators from eight different schools to explore how LGBTQ+ student inclusion is approached and what obstacles hinder it. We examine what in the environment, school culture, and teaching methods is inclusive for LGBTQ+ students, focusing on LGBTQ+ education, and the manifestations of the recent backlash against LGBTQ+ people.

We thematically analysed the interviews following Braun and Clarke (2013, 2021) to answer our research questions: What aspects of the environment, school culture, and teaching practices are inclusive for LGBTQ+ students, and what influences attitudes and culture? To gain a clearer picture of the situation, we also ask: What LGBTQ+ education exists in primary schools, how targeted is it, and how is it implemented? What is the experience of school administrators regarding the impact of backlash against LGBTQ+ people on the learning environment of LGBTQ+ students in schools? What systemic factors promote or hinder the inclusion of LGBTQ+ students? We coded the interviews and developed themes to answer the research questions. The themes discussed in this article are: 1. Flying the Rainbow Flag: Students receive the message that the environment is safe while cisheteronormativity remains dominant. Here, we discuss how actions for LGBTQ+ inclusion are individualised, reactive, and superficial. School practices primarily involve responding to incidents rather than implementing systematic actions aimed at the school's environment and culture. The only tools they have are sporadic and unstructured LGBTQ+ education along with rainbow decorations, leading schools to risk sending the wrong message to LGBTQ+ students. 2. Systemic Factors that Promote Marginalisation of LGBTQ+ Students are Ignored and the Responsibility Shifted to Peers. This theme highlights how school administrators have limited awareness of the systemic factors, especially neoliberalism and cisheteronormativity, that contribute to the marginalisation and subordination of LGBTQ+ students. In their statements, common notions emerge that Iceland is exemplary regarding LGBTQ+ rights and conditions. This perception does not align with the anti-LGBTQ+ sentiment that all the administrators encounter in their schools. However, the administrators' response is to locate the problem within a specific group of marginalised students rather than examining the overall school culture.

The results show that school administrators in Kópavogur generally support LGBTQ+ people and want to create a positive and safe school environment for LGBTQ+ students. However, there is a lack of policies and procedures from the municipality, and the schools do not receive enough professional support to tackle the issue in a radical and targeted

way. As a result, administrators have few tools to address the anti-LGBTQ+ sentiment present in all schools. Their response is often to individualise a societal problem by pointing to students and parents, often of foreign origin, as the source of anti-LGBTQ+ sentiment within the school. The solution to the problem thus becomes fixing these few 'bad apples' instead of examining the underlying attitudes and systems that marginalise LGBTQ+ students. This suggests that while school administrators hold a crucial role as both professional and social leaders in improving the learning environment for LGBTQ+ students, greater involvement from school authorities is necessary to achieve systemic changes in school practices and culture.

Keywords: LGBTQ+ students, school administrators, LGBTQ+ inclusion, backlash, primary schools

Um höfundu

Íris Björk Eysteinsdóttir (iris.ey@kopavogur.is) er íþróttakennari, með B.A.-gráðu í blaðamennsku og ensku og M.Ed.-gráðu í menntastjórnun og matsfræðum. Íris hefur starfað í skólakerfinu í 25 ár og kennt á öllum skólastigum. Hún brennur fyrir menntamálum og þá sérstaklega skólaþróun, inngildingu og jöfnum tækifærum fyrir öll börn. Íris Björk er með UEFA-A þjálfaragráðu í knattspyrnu og kennir á þjálfaranámskeiðum KSÍ. Hún er aðstoðarskólaflokkari í Hörðuvallaskóla í Kópavogi.

Íris Ellenberger (irisel@hi.is) er sagnfræðingur og dósent í samfélagsgreinum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Meginrannsóknasvið hennar er náms- og starfsumhverfi hinsegin nemenda og kennara, kennsla samfélagsgreina með áherslu á hinsegin málefni og kynjafræði, hinsegin foreldrar, hinsegin fræði, hinsegin saga, kynjasaga og saga fólksflutninga. Hún kennir meðal annars hinsegin menntunarfræði og hefur unnið með skólum og fagfélögum kennara að hinsegin inngildingu í skólastarfi.

About the authors

Íris Björk Eysteinsdóttir (iris.ey@kopavogur.is) is a physical education teacher with a B.A. in journalism and English, and an M.Ed. in educational administration and assessment. Íris has worked in the school system for 25 years and has taught at all educational levels. She holds a UEFA-A football coach degree and teaches coach courses for the National Football Association. She is the assistant principal at Hörðuvallaskóli in Kópavogur.

Íris Ellenberger (irisel@hi.is) is a historian and an Associate Professor in Social Studies at the School of Education at the University of Iceland. Her main research areas are the educational and professional environments of queer students and teachers, social studies teaching with an emphasis on queer issues and gender studies, queer parents, queer theory, queer history, gender history, and the history of migration. She has worked with schools and teachers' associations on queer inclusion in schools.

Heimildir

- Alma Mjöll Ólafsdóttir. (2023, 15. september). Ef börnum verður ekki breytt með ofbeldi, verður þeim ekki breytt með fræðslu. *Heimildin*. <https://heimildin.is/grein/18927/bakslagid-beinist-mest-ad-transfolki/>
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2011). Skólamenning og námsárangur. *Tímarit um menntarannsóknir*, 8, 19–37. <https://ojs.hi.is/index.php/tum/article/view/2070>
- Amory, D. P., Massey, S. G., Miller, J. og Brown, A. P. (ritstjórar). (2022). *Introduction to LGBTQ+ studies: A cross-disciplinary approach*. State University of New York Press. <https://open.umn.edu/opentextbooks/textbooks/1268>

- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2019). PISA – Hvað svo? Nokkur leiðarstef um innleiðingu menntaumbóta. *Netla*, 25. Nóvember, 1–15. http://netla.hi.is/serit/2019/altjodlegar_menntakannanir/04.pdf
- Antinlouma, M., Ilomäki, L., Lahti-Nuuttila, P. og Toom, A. (2018). Schools as professional learning communities. *Journal of Education and Learning*, 5(7), 76–91. <https://doi.org/10.5539/jel.v7n5p76>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2021). Choices and dilemmas: Reproduction of classed and gendered power relations through parental practices [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. *Opin vísindi*. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4100>
- Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger. (2024). Great parents in a superior country: The construction of LGBTQ+ parents in Icelandic media. *LGBTQ+ Family: An Interdisciplinary Journal*, 20(1), 1–17. <https://doi.org/10.1080/27703371.2023.2248918>
- Álfur Birkir Bjarnason, Bergrún Andra Hölludóttir, Bjarndís Helga Tómasdóttir, Daníel E. Arnarsson, Sigríður Birna Valsdóttir, Tóti I. Sæmundsdóttir og Villi Ösk Vilhjálmsson. (2024). *Ársskýrsla samtakanna '78 2022–2023*. https://samtokin78.is/wp-content/uploads/2023/03/S78-arsskyrsla-2022vidaukar-vefur_uppfaert.pdf
- Ársæll M. Arnarsson, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2015). Suicidal risk and sexual orientation in adolescence: A population-based study in Iceland. *Scandinavian Journal of Public Health*, 43(5), 497–505. <https://doi.org/10.1177/1403494815585402>
- Ball, S. J. og Youdell, D. (2007). Hidden privatisation in public education. *Education International*. https://www.right-to-education.org/sites/right-to-education.org/files/resource-attachments/Education_International_Hidden_Privatisation_in_Public_Education.pdf
- Barrenechea, I., Beech, J. og Rivas, A. (2023). How can education systems improve? A systematic literature review. *Journal of Educational Change*, 24(3), 479–499. <https://doi.org/10.1007/s10833-022-09453-7>
- Berglind Gísladóttir, Bjarki Grönfeldt, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2018). Psychological well-being of sexual minority young adults in Iceland: Assessing differences by sexual attraction and gender. *Sex Roles*, 78, 822–832. <https://doi.org/10.1007/s11199-017-0847-7>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Braun, V. og Clarke, V. (2021). *Thematic analysis: A practical guide*. Sage.
- Brown, W. (2006). American nightmare: Neoliberalism, neoconservatism, and de-democratization. *Political Theory*, 34(6), 690–714. <http://www.jstor.org/stable/20452506>
- Brown, W. (2019). *In the ruins of neoliberalism: The rise of antidemocratic politics in the West*. Columbia University Press.
- Cabanas, E. og Illouz, E. (2019). *Manufacturing happy citizens: How the science and industry of happiness control our lives*. Polity Press.
- Denny, E. og Weckesser, A. (2022). How to do qualitative research? *BJOG: An International Journal of Obstetrics & Gynaecology*, 129(7), 1166–1167. <https://doi.org/10.1111/1471-0528.17150>
- DePalma, R. (2013). Choosing to lose our gender expertise: Queering sex/gender in school settings. *Sex Education: Sexuality, Society and Learning*, 13(1), 1–15. <https://doi.org/10.1080/14681811.2011.634145>
- DePalma, R. og Atkinson, E. (2010). The nature of institutional heteronormativity in primary schools and practice-based responses. *Teaching and Teacher Education*, 26(8), 1669–1676. <https://doi.org/10.1016/j.tate.2010.06.018>
- Detrow, S. (2024, 30. júní). As LGBTQ visibility increases, so does the backlash. *NPR*. <https://www.npr.org/2024/06/30/nx-s1-5021708/as-lgbtq-visibility-increases-so-does-the-backlash>
- Frumvarp til laga um inngildandi menntun nr. S-60/2024.
- Fullan, M. (2016). *The new meaning of educational change* (5. útgáfa). Teachers College Press.
- Gorodnichenko, Y. og Roland, G. (2020). Culture, institutions and democratization. *Public Choice*, 187, 165–195. <https://doi.org/10.1007/s11127-020-00811-8>
- Halperin, D. M. (2003). The normalization of queer theory. *Journal of Homosexuality*, 45(2-4), 339–343. https://doi.org/10.1300/J082v45n02_17
- Hargreaves, A. og Fullan, M. (2012). *Professional capital: Transforming teaching in every school*. Teachers College Press.

- Imsen, G. og Volckmar, N. (2013). The Norwegian school for all: Historical emergence and neoliberal confrontation. Í U. Blossing, G. Imsen og L. Moos (ritstjórar), *The Nordic education model* (bls. 35–55). Springer. https://doi.org/10.1007/978-94-007-7125-3_3
- Íris Ellenberger. (2017). Að flytja út mannréttindi: Hinsegin paradísin Ísland í ljósi sögulegra orðræðna um fyrirmyndarsamfélög í norðri samkynhneigðrar þjóðernishyggu. Í Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafðís Erla Hafsteinsdóttir (ritstjórar), *Svo veistu að þú varst ekki hér: Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi* (bls. 229–270). Sögufélag.
- Íris Ellenberger og Þorsteinn Vilhjálmsson. (2024). “No bare bottoms”: The responsabilization of the good gay citizen in Icelandic media discourses 1990–2010. *Journal of Homosexuality*, 71(6), 1465–1486. <https://doi.org/10.1080/00918369.2023.2174472>
- Kópavogsbær. (e.d.). *Jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar 2019–2023*. <https://www.kopavogur.is/static/files/Stefnur/jafnréttisaetlun-kopavogsbajar-2019-2022.pdf>
- Jón Torfi Jónasson, Guðrún Ragnarsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2021). The intricacies of educational development in Iceland: Stability or disruption? Í J. B. Krejsler og L. Moos (ritstjórar), *What works in Nordic school policies? Mapping approaches to evidence, social technologies and transnational influences* (bls. 67–86). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-030-66629-3_4
- Jón Ingvar Kjaran. (2019). Gender-segregated spaces in Icelandic high schools: Resistance, power and subjectification. *Gender and Education*, 31(8), 1020–1039. <https://doi.org/10.1080/09540253.2017.1401046>
- Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2015). Inclusion, exclusion and the queering of spaces in two Icelandic upper secondary schools. *Ethnography and Education*, 10(1), 42–59. <https://doi.org/10.1080/17457823.2014.925409>
- Kaplan, L. S. og Owings, W. A. (2015). Introduction to the principalship: Theory to practice. Routledge.
- Kaplan, L. S. og Owings, W. A. (2018). Funding School Choice: Implications for American Education. *Journal of Education Finance*, 44(2), 199–217. <https://doi.org/10.1353/jef.2018.a721606>
- Keenan, H. B. (2017). Unscripting curriculum: Toward a critical trans pedagogy. *Harvard Educational Review*, 87(4), 538–556. <https://doi.org/10.17763/1943-5045-87.4.538>
- Keenan, H. og Mess, L. M. H. (2020). Drag pedagogy: The playful practice of queer imagination in early childhood. *Curriculum Inquiry*, 50(5), 440–461. <https://doi.org/10.1080/03626784.2020.1864621>
- Kosciw, J. G., Greytak, E. A., Giga, N. M., Villenas, C. og Danischewski, D. J. (2016). *The 2015 national school climate survey: The experiences of lesbian, gay, bisexual, transgender, and queer youth in our nation's schools*. GLSEN. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED574780.pdf>
- Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti – grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið; Námsgagnastofnun.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018.
- McRobbie, A. (2015). Notes on the perfect: Competitive femininity in neoliberal times. *Australian Feminist Studies*, 30(83), 3–20. <https://doi.org/10.1080/08164649.2015.1011485>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti: Greinasvið 2013*.
- Menntasvið Kópavogs. (2023). *Lykiltölur í skóla- og frístundastarfi*. <https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/Grunnskoli/lykiltolur-i-skola-og-fristundastarfi-2022-2023.pdf>
- Meyer, E. J. (2007). “But I’m not gay”: What straight teachers need to know about queer theory. Í N. M. Rodriguez og W. F. Pinar (ritstjórar), *Queering straight teachers: Discourse and identity in education* (bls. 15–32). Peter Lang.
- Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Ljðræði og mannréttindi – grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Menningar- og menntamálaráðuneytið; Námsgagnastofnun.
- Paiz, J. M. (2020). *Queering the English language classroom: A practical guide for teachers*. Equinox.
- Qvortrup, A. og Qvortrup, L. (2018). Inclusion: Dimensions of inclusion in education. *International Journal of Inclusive Education*, 22(7), 803–817. <https://doi.org/10.1080/13603116.2017.1412506>

- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2018). Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenskrí skólamenningu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(1), 43–64. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2018.27.3>
- Rannveig Sigurvinsdóttir, Berglind Gísladóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2024). Sexual attraction and non-suicidal self-harm: The role of stressors and psychological mediators. *Archives of Sexual Behavior*, 53, 1293–1306. <https://doi.org/10.1007/s10508-023-02792-3>
- Remnick, D. (2024, 18. mars). Judith Butler on the global backlash to L.G.B.T.Q. rights. *The New Yorker*. <https://www.newyorker.com/podcast/political-scene/judith-butler-on-the-global-backlash-to-lgbtq-rights>
- Reykjavík. (e.d.). *Regnbogavottun Reykjavíkur*. <https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikur>
- Robinson, V. (2015, 28. maí). Building relational trust / Viviane Robinson COK 2015 [myndskrá]. *Youtube*. <https://www.youtube.com/watch?v=jDLi7tTiY9U&t=20s>
- Rönnerberg, L. og Candido, H. H. D. (2023). When Nordic education myths meet economic realities: The “Nordic model” in education export in Finland and Sweden. *Nordic Studies in Education*, 43(2), 145–163. <https://doi.org/10.23865/nse.v43.4046>
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Ársæll M. Arnarsson og Andrea S. Hjálmsdóttir. (2010). Lífsánægja samkynhneigðra unglunga í 10. bekk. *Sálfræðiritið*, 15, 23–36.
- Stasi, M. og Evans, A. (2013). Glitter(foot)ball tactics: Negotiating mainstream gender equality in Iceland. *Men and Masculinities*, 16(5), 560–578. <https://doi.org/10.1177/1097184X13511251>
- Steck, A. K. og Perry, D. (2018). Challenging heteronormativity: Creating a safe and inclusive environment for LGBTQ students. *Journal of School Violence*, 17(2), 227–243. <https://doi.org/10.1080/15388220.2017.1308255>
- Suárez, M. I., McQuillan, M. T., Keenan, H. B. og Iskander, L. (2022). Differences in trans employees’ and students’ school experiences. *Educational Researcher*, 51(5), 352–358. <https://doi.org/10.3102/0013189X221100834>
- Sue, D. W. (2010). *Microaggressions in everyday life: Race, gender, and sexual orientation*. Wiley.
- Sullivan, N. (2004). *A critical introduction to queer theory*. NYU Press.
- Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson. (2020). *Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi*. Samtökin ’78. https://samtokin78.is/wp-content/uploads/2020/08/Skolakönnun_GLSEN_FINAL.pdf
- Türken, S., Nafstad, H. E., Blakar, R. M. og Roen, K. (2016). Making sense of neoliberal subjectivity: A discourse analysis of media language of self-development. *Globalizations*, 13(1), 32–46. <https://doi.org/10.1080/14747731.2015.1033247>
- Ungaro, R. D. (2017). Foreword: Queer teaching – teaching queer. *Irish Educational Studies*, 36(1), 3–8. <https://doi.org/10.1080/03323315.2017.1289699>
- Walton, G. (2011). Spinning our wheels: Reconceptualizing bullying beyond behaviour-focused approaches. *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 32(1), 131–144. <https://doi.org/10.1080/01596306.2011.537079>
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. (2023, 1. ágúst). *Hvaða bakslag?* Hinsegin dagar. <https://hinsegin dagar.is/hvada-bakslag/>
- Þorsteinn Vilhjálmsson og Íris Ellenberger. (2024). Queer joy, queer killjoy: Queerness, nation, and affect in the Reykjavík pride parade 2000–2019. *Gender, Work & Organization*. <https://doi.org/10.1111/gwao.13182>



Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger. (2025). Staða hinsegin nemenda í grunnskólum Kópavogs: Viðhorf og ábyrgð skólustjórnaenda Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/5>